

GJALDSKRÁ**fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983.**

1. gr.

Upphæð gjalds fyrir hundahald í Hveragerði fyrir árið 1983 skal vera kr. 2 500 fyrir hvern hund, sem leyfi er veitt fyrir, samkv. samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 510/1975 með breytingu nr. 597/1982.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun Hveragerðishrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. febrúar 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.*Ingimar Sigurðsson.***REGLUGERÐ****um skráningu á aflí aðalvéla íslenskra skipa.**

1. gr.

Siglingamálastofnun ríkisins skráir afl aðalvéla skipa.

2. gr.

Pegar skráð er afl véla, skal skrá það í kw. og miða við mesta stöðugt álag, sem framleiðandi gefur upp fyrir umrædda vélargerð og árgerð. Ef fyrir hendi er reynslukeyrsla á vélinni með ákveðnum tilgreindum búnaði, sem gefur annað afl, en að framan greinir, þá getur Siglingamálastofnun ríkisins ákveðið að afl vélarinnar skuli skráð í samræmi við þær niðurstöður. Aflið skal mælt samkvæmt ISO staðli 3046.

Breyting á aflí vélar með takmörkun olúgjafar hefur ekki áhrif á skráningu vélarafis.

3. gr.

Skipseigandi, sem óskar eftir skráningu á aflí vélar, skal leggja fram þau gögn, sem Siglingamálastofnun ríkisins fer fram á.

4. gr.

Skráðu vélarafli verður ekki breytt, nema gerðar séu breytingar á þeim búnaði, sem á vélinni er, og áhrif hafa á afl vélarinnar.

5. gr.

Á skilti á aðalvél skipa skal tilgreint skráð afl aðalvélarinnar.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 52/1970 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1984.***Matthías Bjarnason.***Kristinn Gunnarsson.*